



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2008

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf.
á að fara að ákvörðun Neytendastofu nr. 10/2008**

I.

Málavextir

1.

Hinn 9. júní 2008 tók Neytendastofa ákvörðun nr. [10/2008](#) „Kvörtun Innes ehf. yfir auglýsingu Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf. á Merrild kaffi“ Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telji Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. (Ölgerðina) hafa brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með fullyrðingunni „Merrild, besta kaffihúsið í bænum“ í auglýsingum sínum. Með vísan til 16. gr. sömu laga bannaði Neytendastofa Ölgerðinni að nota fullyrðinguna í auglýsingum sínum. Bannið tók gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.

Staðfesting á móttöku ákvörðunarinnar, f.h. Ölgerðarinnar, er dagsett þann 9. júní 2008. Ákvörðuninni var ekki áfrýjað til áfrýjunarnefndar neytendamála.

2.

Bann við birtingu auglýsinga með fullyrðingunni „Merrild, besta kaffihúsið í bænum“ tók gildi þriðjudaginn 8. júlí 2008. Þrátt fyrir það hefur auglýsingin birst eftir þann tíma.

Með bréfi Neytendastofu til Ölgerðarinnar, dags. 9. júlí 2008, óskaði stofnunin með vísan til 20. gr. laga nr. 57/2005 eftir upplýsingum um það hvar og hvenær auglýsingin hafi birst eftir 7. júlí og hvað hver birting hefði kostað.

Svar barst með bréfi Ölgerðarinnar til Neytendastofu, dags. 15. júlí 2008. Í bréfinu gerði Ölgerðin athugasemd við birtingu ákvörðunarinnar. Skv. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 beri stjórnvaldi að tilkynna aðila máls um þá ákvörðun sem tekin hafi verið nema það sé augljóslega óþarft. Ölgerðinni hafi ekki verið kunnugt um ákvörðun Neytendastofu fyrir en í fjölmiðlaumfjöllun, þann 12. júní 2008, og daginn áður hafi ákvörðunin verið birt á vefsíðu



Neytendastofu. Í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar hafi verið grennslast fyrir um það hvort Ölgerðinni hafi borist bréf frá Neytendastofu. Í ljós hafi komið óstimplað umslag frá Neytendastofu þar sem komið hafi fram tilkynning um ákvörðun stofnunarinnar ásamt ákvörðuninni sjálfri. Stafsmenn Ölgerðarinnar kannist ekki við að hafa tekið við bréfinu. Það sé því mat Ölgerðarinnar að fjögurra vikna frestur sá sem fram kom í ákvörðun Neytendastofu hafi ekki hafist fyrir en 11. júní 2008, þegar ákvörðunin var birt á vefsíðu Neytendastofu.

Í bréfi Ölgerðarinnar segir einnig að fyrirtækið hafi reynt til þrautar að stöðva birtingu auglýsinganna og hafi því ekki verið um vísitandi brot á ákvörðun stofnunarinnar að ræða. Margt geti valdið því að auglýsingar sem ekki er ætlað að fara í birtingu geri það samt sem áður.

II. Niðurstaða

1.

Ákvörðunarorð fyrrnefndrar ákvörðun Neytendastofu hljóða svo:

„Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hefur með birtingu auglýsingar með fullyrðingunni „Merrild, besta kaffihúsið í bænum“ brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Ölgerðinni að nota fullyrðinguna í auglýsingum sínum.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“

Skv. upplýsingum frá Ölgerðinni birtist auglýsingin þrisvar sinnum í sjónvarpi á tímabilinu 8. – 10. júlí 2008, 12 sinnum í útvarpi dagana 8. og 9. júlí sl. og einu sinni á prenti þann 8. júlí sl. Heildarkostnaður við birtingarnar var kr. 413.770 án virðisaukaskatts.

2.

Þegar Neytendastofa hefur tekið ákvörðun í máli er ákvörðunin ásamt tilkynningu þess efnis birt málsaðilum og er kvittað fyrir móttöku. Ákvörðun stofnunarinnar nr. 10/2008 var birt starfsmanni Ölgerðarinnar, þann 9. júní 2008 kl. 15:40, og kvittaði hann fyrir móttöku ákvörðunarinnar. Í samræmi við vinnureglu Neytendastofu var ákvörðunin birt á vefsíðu stofnunarinnar tveim dögum eftir birtingu hennar. Tilgangur þeirrar vinnureglu er að veita aðilum máls ráðrúm til að kynna sér efni hennar áður en til opinberrar birtingar kemur.



Að mati Neytendastofu var birting ákvörðunar nr. 10/2008 fullnægjandi.

3.

Í ákvörðun Neytendastofu nr. 10/2008 er Ölgerðinni gefinn fjögurra vikna frestur til að fara að banni stofnunarinnar. Ákvörðun Neytendastofu er tekin mánudaginn 9. júní 2008 og tók bannið því gildi þriðjudaginn 8. júlí s.á. Af hálfu Ölgerðarinnar er því haldið fram að reynt hafi verið að koma í veg fyrir að auglýsingin birtist eftir 7. júlí 2008, en ýmsar ástæður geti legið fyrir því að auglýsingin sé birt án þess að Ölgerðin hafi óskað eftir birtingu.

Í ákvörðun Neytendastofu nr. 10/2008 tekur bann við birtingu auglýsinga Ölgerðarinnar gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Sá frestur er m.a. ætlaður til þess að gefa fyrirtækinu rúman tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva birtingu auglýsinganna. Eðli málsins samkvæmt er tilgangurinn ekki sá að gefa aukið svigrúm til þess að halda áfram birtingu auglýsinganna áður en til banns komi.

4.

Í ákvæði b. liðar 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. þágildandi 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglur og ákvörðunum Neytendastofu gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði II. – IV. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b.“

Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja að viðhafðir séu eðlilegir viðskiptahættir. Í máli þessu liggur fyrir ákvörðun Neytendastofu nr. 10/2008 sem sýnt er að Ölgerðin hefur brotið gegn.

Í máli þessu fullyrðir Ölgerðin að ekki hafi verið ásetningur fyrirtækisins að birta auglýsingarnar eftir að bann við birtingu þeirra tók gildi. Neytendastofa sér ekki ástæðu til að efa að svo hafi verið en ítrekar að bannið tók ekki gildi fyrr en fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar sem ætti að vera nægur tími til að koma í veg fyrir birtingu auglýsinganna áður að bannið tók gildi.

Með vísan til alls framangreinds og þess að auglýsingarnar birtust 16 sinnum í fjölmiðlum eftir að bann við birtingu þeirra tók gildi, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Ölgerðina stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 515.143 (fimmhundraðogfimm títánþúsund eitthundrað-fjörutíu og þrjár krónur) sem er birtingarkostnaður auglýsinganna að viðbættum virðisaukaskatti.



III. Ákvörðunarorð:

„Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, braut gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 10/2008 með því að birta auglýsingar með fullyrðingunni „*Merrild, besta kaffihúsið í bænum*“ eftir að bann við birtingum auglýsinganna tók gildi.

Með heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 515.143 (fimmhundraðogfimmtánþúsundeitthundraðfjörutíuogþrjárkrónur).

Sektin skal greiðast í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum eftir birtingu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 12. ágúst 2008

Tryggvi Axelsson

Þórunn Anna Árnadóttir